

**Nd.**

## **14. Frumvarp til laga**

[14. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason, Guðrún Helgadóttir,  
Guðmundur Bjarnason.

1. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Að auki skal greiða bótaþegum, sem hafa börn sín yngri en 18 ára á framfæri á heimili sínu eða greiða sannanlega með þeim meðlag utan heimilis, 4% af framangreindum launum með hverju barni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Markmið þessa frumvarps er að tryggja að bætur atvinnuleysistrygginga vegna framfærslu barna séu greiddar þar til barn verður 18 ára í stað 17 ára eins og nú er.

Um er að ræða að samræma ákvæði um atvinnuleysistryggingar því sem er í öðrum hliðstæðum lögum og reglum um framfærslu barna. Má þar nefna:

- barnalögin, þar sem réttindi og skyldur framfærenda miðast við 18 ára aldur barns,
- reglur lífeyrissjóða um barnabætur,
- ákvæði almannatryggingalaga um barnalífeyri, meðlög, mæðralaun og sjúkradagpeninga þar sem bótaréttur og framfærsla eru miðuð við 18 ára aldur barns.

Öll þessi ákvæði, sem hér hafa verið tilgreind, kveða annaðhvort á um framfærsluskyldu framfærenda eða bótarétt þeirra til 18 ára aldurs barna. Af sjálfu leiðir að forsenda fyrir greiðslu atvinnuleysistrygginga á barnabótum til 18 ára aldurs er sú sama. Þar er um að ræða að tryggja framfærslu barna og bótarétt ef atvinnuleysi hindrar framfæranda í að afla vinnutekna.

Ef til vill má benda á ákvæði um sjúkradagpeninga í almannatryggingalögum sem helstu hliðstæðu við greiðslu atvinnuleysistryggingabóta. Sjúkradagpeningar eru greiddir ef launatekjur falla niður vegna veikinda. Bótaþegi á þá rétt á greiðslu dagpeninga og til viðbótar ákveðinni upphæð fyrir hvert barn á framfæri *til 18 ára aldurs*. Atvinnuleysisbætur eru greiddar þegar launatekjur falla niður vegna atvinnuleysis. Bótaþegi á þá rétt á greiðslu dagpeninga og til viðbótar ákveðinni upphæð *vegna barna yngri en 17 ára á framfæri sínu*. Ætla verður að misbrestur hafi orðið á því að færa ákvæði atvinnuleysistryggingalaga, að því er varðar bótarétt vegna barna, til 18 ára aldurs, en í kjölfar barnalaganna, sem sett voru árið 1981, voru almannatryggingalögin samræmd þeim lögum að þessu leyti.

Með hliðsjón af þeim breytingum, sem orðið hafa á hliðstæðum lögum og áður hefur verið rakið, verður að ætla að víðtæk samstaða geti náðst um það frumvarp sem hér er flutt.

Samkvæmt upplýsingum Atvinnuleysistryggingasjóðs hafa barnadagpeningar undanfarin ár numið á bilinu 3,8% til 4,2% af heildarþótagreiðslum atvinnuleysistrygginga. Sú breyting, sem hér er gert ráð fyrir, leiðir af sér hækkun barnadagpeninga í u.þ.b. 5,9% af heildarþótagreiðslum. Árið 1985 voru heildarútgjöld atvinnuleysistrygginga vegna barnabóta rúmar 6,4 milljónir króna. Útgjöld atvinnuleysistrygginga hefðu því aukist um 400 þús. kr. á árinu 1985 vegna ákvæða þessa frumvarps.

Af framangreindu er ljóst að frumvarpið felur það eitt í sér að löggjafinn lagfæri ákvæðin um barnabætur atvinnuleysistrygginga svo að þau samræmist því sem er í öðrum hliðstæðum lögum. Sú breyting mun hafa sáralítinn kostnað í för með sér fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð.